

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. apríl 2010 í máli nr. S-1282/2009:

### Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari)

gegn

A

(Gestur Jónsson hrl.)

Mál þetta var höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, dags. 19. nóvember 2009, á hendur A. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 23. mars sl. Það var endurupptekið fyrr í dag og dómtekið á ný.

Ákærði er sakaður um: ... fjárdrátt, með því að hafa 8. október 2008, í starfi sínu sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landsbanka Íslands hf., dregið sér kr. 118.544.950, andvirði GBP 712.323,94, sem hann lét millifæra af innlendum gjaldeyrisreikningi nr. 0114-38-200162 í eigu NBI Holding Ltd., kt. 700501-9060, félags á vegum bankans sem ákærði í tengslum við starf sitt var stjórnarmaður og hafði prókúru fyrir, yfir á eigin bankareikning nr. 0117-26-521, en daginn eftir lét ákærði millifæra sömu fjárhæð yfir á bankareikning nr. 0115-15-380583, einnig í hans eigu.

Þetta er talið varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærvald krefst refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði krefst sýknu og að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Á árinu 2000 hafði Landsbanki Íslands hf. frumkvæði að stofnun sjálfseignarsjóðs á Ermarsundseyjunni Guernsey, The 1886 Trust. Sjóður þessi er eini hluthafinn í félaginu NBI Holding Ltd., sem er einnig skráð á Guernsey. Var félag þetta stofnað í maí 2001. Fram kemur í málinu að sjóðurinn og félagið var stofnað til að taka þátt í viðskiptum með hlutabréf við hlið Landsbankans. Ákærði sat í stjórn NBI Holding frá upphafi. Ekki er eiginleg stjórn í The 1886 Trust, en fulltrúar frá tiltekinni lögfræðiskrifstofu á Guernsey eru vörsluaðilar sjóðsins. Sjóður þessi er sjálfseignarsjóður, en við slit hans munu eignir hans renna til tilnefnds aðila, sem á ensku er nefndur *beneficial owner*.

Rannsókn lögreglu hófst í kjölfar bréfs skilanevndar Landsbankans, dags. 26. nóvember 2008. Þar er því beint til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra að rannsaka millifærslur þær sem lýst er í ákæru. Er tekið svo til orða í niðurlagi bréfsins að óskað sé eftir því að umræddar millifærslur verði skoðaðar. Bréf þetta var ritað í kjölfar minnisblaðs frá endurskoðunarskrifstofunni Deloitte, dags. 20. nóvember 2008. Þar er leitað eftir skýringum á þessum millifærslum inn á reikninga ákærða.

Verjandi ákærða gerði athugasemd við vinnubrögð lögreglu af þessu tilefni. Þótti honum rangt af lögreglu að kalla bréf skilanevndarinnar kæru, eins og gert var við skýrslutökur.

Ósk Scheving Thorsteinsson, starfsmaður innri endurskoðunar bankans, gaf skýrslu fyrir dómi um það hvernig upp komst um millifærslu þessa. Hún sagði að endurskoðunarstofan Deloitte hefði beðið um að allar stórar millifærslur í september og fyrstu dagana í október yrðu skoðaðar. Hafi þá þessi millifærsla á reikning ákærða komið fram, en skoðunin hafi verið mjög viðamikil og tekið mikinn tíma.

Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri, sagði frá sjóðnum, The 1886 Trust, og félögunum í skýrslu sinni fyrir dómi. Hann kvaðst hafa verið bankastjóri þegar ákveðið var að stofna félögin á Guernsey. Sjálfseignarsjóðurinn hafi átt tvö félög, annars vegar LB Holding, sem hafi haldið utan um hlutabréf til að standa við kaupréttarsamninga starfsmanna bankans. Hins vegar hafi verið NBI Holdings. Það félag hafi átt að eiga hlutabréf í skamman tíma, í öðrum félögum en Landsbankanum. Fyrst og fremst hafi það verið hluturinn í Vátryggingafélagi Íslands sem félagið átti til hliðar við hlut bankans sjálfs, en einnig í Kaupþingi og DeCode. Hafi þessi tilhögun helgast af reglum sem gildi hér á landi um útreikning eigin fjár fjármálafyrirtækja.

Eftir að NBI Holdings hafði selt hlutabréf sín í Kaupþingi og Vátryggingafélagi Íslands, og var að mestu hætt starfsemi, átti það eftir talsverðan hagnað. Var öllu fé þess skipt í sterlingspund og það ávaxtað á reikningi í Landsbankanum. Var nafni félagsins breytt í ZVV Holdings Ltd. í nóvember 2006 og breytingin skráð í félagaskrár á Guernsey. Bankareikningur þess í Landsbankanum var þó áfram skráður á nafninu NBI Holdings. Í samræmi við notkun þessa heitis í ákæru og málflytningi öllum verður það einnig notað hér.

Halldór J. Kristjánsson sagði að það hefði verið hluti af starfi ákærða í bankanum að sitja í stjórn NBI Holding. Hann sagði að félagið hafi ekkert starfað frá 2003. Það hafi hins vegar verið ákveðið að slíta félaginu ekki, heldur nýta það til viðskipta ef möguleikar opnuðust síðar meir.

Í byrjun október 2008 sat ákærði í stjórn NBI Holdings. Með honum í stjórn var David Whitworth, lögmaður á Guernsey.

Bæði í skýrslu ákærða fyrir dómi og í greinargerð er verjandi hans lagði fram, segir að ákærði hafi látið millifæra umrædda innistæðu sem var á reikningi NBI Holdings inn á eigin reikning. Ákærði sagði að hann hefði strax beðið um að fjárhæðin yrði lögð inn á reikning 380583. Hann hafi tekið eftir því að millifært

hefði verið inn á reikning nr. 117-26-521. Hann hefði því beðið um að millifært yrði af þeim reikningi inn á reikning nr. 380583. Á þeim reikningi hafi ekki verið önnur innstæða. Hann kvaðst hafa beðið Hjalta Karlsson, sem var útibússtjóri í Grafarvogsútibúi bankans, að millifæra þetta fé. Hann hefði ekki sjálfur haft aðgang til að millifæra með þessum hætti. Hann hefði þekkt Hjalta lengi og oft beðið hann að afgreiða sín viðskipti.

Hjalti Karlsson kom fyrir dóm og staðfesti að A hefði hringt í sig og beðið að millifæra. Hann kvaðst ekki muna inn á hvaða reikning hann hafi beðið um að lagt yrði. Hann kvaðst muna að hann hafi viljað hafa þetta fé sérgreint á reikningi.

Meðal skjala málsins er útprentun af tölvupósti er Hjalti sendi afgreiðslustjóra í Grafarholtsútibúi bankans og bað um að reikningur NBI Holdings yrði eyðilagður og að lagt yrði inn á reikning ákærða nr. 521. Afgreiðslustjórinn fól síðan öðrum starfsmanni verkefnið.

Ákærði var spurður um aðdraganda þess að hann ákvað að millifæra féð. Sagði hann að á þessum tíma, í september og október 2008, hafi verið uppi mikil óvissa um tryggingar innlána og örlög þeirra. Hann hafi sjálfur setið í stjórn Tryggingarsjóðs innistæðueigenda og fjárfesta. Það hafi komið í bankann fyrirspurnir frá Fjármálaeftirlitinu um skiptingu innlána milli eigenda. Það hafi legið í loftinu að innlán erlendra aðila yrðu látin brenna úti. Þá hafi einnig komið í fyrirspurn beiðni um skiptingu innlána eftir myntum. Þessi millifærsla hafi verið sitt ráð til að tryggja þá hagsmuni sem honum hafi verið trúað fyrir, til að gæta þess að féð brynni ekki úti. Hann hafi því fært féð í það form sem hann hafi talið öruggast, innlán á nafni íslensks einstaklings.

Ákærði sagði að menn hafi gert sér ljóst að ekki yrði hægt að bjarga öllum innlánunum. Þess vegna hafi verið óvissa um hvað yrði tryggt. Í yfirlýsingu sem kom frá rikissjórninni hafi t.d. verið notað orðmyndina „verði“ í merkingunni að innstæður yrðu tryggðar, en ekki orðmyndina „eru“. Þá hafi verið ljóst að Tryggingasjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingarnar.

Í skýrslu Sigurjóns Geirssonar, forstöðumanns innri endurskoðunar Lands bankans, fyrir dómi, kom fram að menn hafi á þessum tíma ekki verið vissir um hvort innstæður erlendra aðila væru tryggðar. Þá kvaðst Vignir Rafn Gíslason, löggiltur endurskoðandi, sem annaðist m.a. endurskoðun Landsbankans, muna eftir samræðum sínum við ákærða í kringum hrúnið. Hefði ákærði haft áhyggjur af stöðu erlendra aðila og tryggingu innstæðna þeirra.

Ákærði kvaðst hafa reynt að segja Sigríði Elínu Sigfúsdóttur bankastjóra frá þessari millifærslu og bera undir hana hvað ætti að gera með félagið og eignir þess. Hann hafi ítrekað reynt að ná fundi hennar til að reifa málið. Hann hafi hitt hana einu sinni og rætt við hana einu sinni í síma, en ekki komið málefni NBI Holdings að. Hann kvaðst hafa sagt að hann þyrfti að ræða málefni aflandsfélaga við hana. Hann kvaðst ekki hafa rætt þetta við Þórð Örlýgsson regluvörð. Þá hefði hann ekki rætt þetta við hinn stjórnarmanninn í NBI Holdings, David Whitworth.

Sigríður Elín Sigfúsdóttir sagði fyrir dómi að ákærði hefði ekki talað við sig um neitt ákveðið félag. Hann hefði sagst þurfa að ræða málefni aflandsfélaga. Hann hafi hitt hann tvisvar á fundi, í annað skipti hafi fleiri verið á fundinum. Þá

hafi þau rætt saman í síma einu sinni og einu sinni hefði hún fengið skilaboð um að ákærði hefði beðið um fund með henni.

Garðar Ólafsson, forstöðumaður skrifstofu bankastjórnar Landsbankans, sagði fyrir dómi að hann vissi að ákærði hefði komið nokkrum sinnum til að hitta Elínu. Hann hefði þurft að bíða mjög lengi einu sinni. Garðar kvaðst ekki vita hvaða erindi ákærði átti.

Berglind Þórhallsdóttir, sem er ritari á skrifstofu bankastjóra Landsbankans, sagði að á tímabilinu 9. október til 26. nóvember hefði ákærði oft komið til þeirra. Hún hafi ekki vitað hvaða erindi hann átti.

Málflytjendur lögðu mikið upp úr því hvort tilvist NBI Holdings hafi verið mörgum kunn. Eins og áður segir var starfsemi þess að miklu leyti hætt á árinu 2002. Virðist ákærvald byggja á því að þar sem félagið hafi verið nær óþekkt hefði enginn tekið eftir því þó að sjóðir þess tæmdust.

Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri, sagði í skýrslu sinni að hann hefði alla tíð vitað af félaginu og að það ætti nokkurt fé á innlánsreikningi.

Jón Þorsteinn Oddleifsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsbankans, kvaðst ekki hafa þekkt til NBI Holdings. Hann hafi vitað af LB Holding. Sama kom fram í skýrslu Braga Gunnarssonar, lögfræðings í bankanum. Hann kvaðst hafa vitað af því sem hann nefndi kaupréttarfélagin. Ákærði hefði nefnt við sig að það væru peningar inni í þeim félögum. Þá má geta þess að Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri, kvaðst ekki hafa þekkt NBI Holdings. Félagið hefði enda ekki staðið í neinum viðskiptum eftir að hann kom til starfa í bankanum.

Hvorki David Whitworth, sem sat í stjórn NBI Holdings, né umsjónarmenn The 1886 Trust sjóðsins, komu fyrir dóm til skýrslugjafar.

Sigurjón Geirsson, forstöðumaður innri endurskoðunar, sem áður er getið, sagði að í gangi hefðu verið víðtæk eftirlitskerfi innan bankans. Þau hefðu, ef allt væri með felldu, vakið athygli á þessari millifærslu. Hann sagði að ákærði hefði vitað að ýmis eftirlitskerfi væru í gangi, en hann hefði ekki átt að þekkja þau nákvæmlega frekar en aðrir utan við innri endurskoðun. Þá sagði Sigurjón að færslan hefði komið fram í svokölluðum Norkom listum, en því kerfi væri ætlað að hamla gegn peningaþvætti.

Í greinargerð verjanda eru rakin ítarlega samskipti er ákærði átti á árinu 2003 við regluvörð bankans og aðdragandann að því að ákveðið var að NBI Holdings teldist ekki vera venslaður aðili við ákærða. Ekki er tilefni til að rekja þessi samskipti nákvæmlega, en ljóst er að öllum er að komu mátti vera ljós tilvera þessa félags og að ákærði sat í stjórn þess.

Þá eru í greinargerð ákærða raktar ítarlega ýmsar tilkynningar frá stjórnvöldum er birtust í fjölmiðlum fyrstu daga októbermánaðar 2008 og varða tryggingu innlána í bönkum og sparisjóðum. Óþarft er að rekja allar þær tilkynningar sem verjandi tekur upp og fréttir sem fjölmiðlar fluttu þessa daga. Nægir að geta nokkurra atriða.

Eftir lokun markaða 2. október 2008 barst Landsbankanum beiðni frá Fjármálaeftirlitinu um upplýsingar um innlán þann 30. september 2008. Kemur fram í skýringum að greina eigi á milli mynta í yfirlitinu, svo og hvort innlánin komi frá því landi þar sem bankinn var skráður, eða annars staðar frá.

Aðfaranótt 6. október barst yfirlýsing ríkisstjórnarinnar þar sem segir að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum verði tryggðar að fullu. Segir þar nánar að átt sé við innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem tryggingar innstæðudeildar Tryggingasjóðs taki til. Hafa ákærði og verjandi hans bent á að í þessari yfirlýsingu hafi verið notuð sögnin að verða, en ekki sögnin að vera í nútíð. Þá segir í greinargerð að þennan dag hafi verið stöðug fundahöld í bankanum og hafi umræðan snúist um að beita svokallaðri Washington Mutual aðferð. Sú aðferð feli í sér að góðar eignir og skuldir séu teknar yfir í góðan banka sem sé búinn til, en slæmar eignir og skuldir skildar eftir í gamla bankanum. Hafi hugmyndin þá verið að skilja alla erlenda kröfuhafa, bæði innstæðueigendur og skuldabréfaeigendur eftir í gamla bankanum.

Þá kom oftsinnis fram í máli ráðherra að tilgangur allra aðgerða væri að gæta hagsmuna þjóðarinnar í hvívetna. Seint að kvöldi 6. október voru lög nr. 125/2008 samþykkt á Alþingi.

Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefnd yfir Landsbankann að morgni 7. október 2008. Daginn eftir bað ákærði Hjalta Karlsson að millifæra eins og lýst er í ákæru. Þann 9. október bað hann Hjalta enn að millifæra á annan reikning eins og lýst er að framan. Síðar þann dag var gefin út ákvörðun Fjármálaeftirlitsins sem fól í sér að allar innstæður í útibúum Landsbankans hér á landi flyttust óskertar til nýja bankans.

Ákærði byggir sýknukröfu sína á þremur atriðum, sem fjallað er um ítarlega í greinargerð hans. Í fyrsta lagi hafi hann ekki haft auðgunarásætning er hann lét millifæra innstæðuna og slíkur ásetningur hafi ekki stofnast á þeim tíma er innstæðan var á reikningi í hans nafni. Í öðru lagi telur hann að málsatvik uppfylli ekki efnisþætti fjárdráttar. Í þriðja lagi hafi verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar við rannsókn hjá lögreglu. Telur hann ágalla á rannsókn málsins vera svo alvarlega að brotið hafi verið gegn rétti sínum samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 6. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og meginreglum laga nr. 88/2008. Leiði þetta óhjákvæmilega til þess að hann verði sýknaður.

Í fyrsta lagi hafi við rannsókn á tölvugögnum sem hald var lagt á verið sleppt mikilvægu leitarorði, NBI Holdings Ltd. Leiði þetta til þess að leitinn hafi ekki skilað öllum þeim niðurstöðum sem máli skiptu.

Þá hafi lögregla reynt að gera tortryggilegt hvernig innstæða NBI Holdings myndaðist, í stað þess að taka upp úr tölvunni mikilvæg skjöl um kaup og sölu á hlutabréfum í Vátryggingafélagi Íslands.

Í þriðja lagi segir verjandi ákærða að hann hafi óskað eftir því að lögregla aflaði tiltekinna gagna sem væri að finna hjá Landsbankanum, þ.e. afrits af bréfi ytri endurskoðanda þar sem gerð var athugasemd við fjárhagsstöðu LB Holding

Ltd. og afrit fundargerða fjármálanefndar Landsbankans. Í svari Landsbankans hafi verið sagt að umrædd gögn myndu ekki. Hann hafi sjálfur lagt þau fram með greinargerð sinni.

Þá segir að lögregla hafi ávallt kynnt bréf skilaneftdar Landsbankans sem kæru. Það sé orðum aukið, eins og bréfið beri með sér og fram komi í skýrslu Sigurjóns Gunnarssonar skilaneftdarmanns, hjá lögreglu.

Í fimmta lagi mótmælir verjandi þeirri ályktun lögreglu að mjög fáir hafi vitað af félaginu NBI Holdings. Sú ályktun sé röng, mjög margir starfsmenn Landsbankans hafi vitað af félaginu. Telur hann í greinargerð sinni rúmlega þrjátíu starfsmenn sem vitað hafi af félaginu í október 2008.

Um þá ágalla sem verjandi telur vera á rannsókn lögreglu skal þetta tekið fram: Það er ekki sýnt fram á að einhver sakargögn sem máli skipta um niðurstöðu málsins hafi ekki fundist, eða glatast í meðförum lögreglu. Þá er ekki hægt að sjá að í þeim atriðum sem verjandi nefnir sé málið ekki upplýst nægilega. Lögreglan kaus að nefna bréf skilaneftdarinnar kæru við yfirheyrslur bæði vitna og ákærða. Þessi ónákvæmni kemur ekki að sök.

Samþykktir The 1886 Trust voru lagðar fram er málið var endurupptekið. Af þeim eða samþykktum NBI Holdings verður ekki margt ráðið um það hvort stjórnendur Landsbankans hafi í reynd haft skipunarvald yfir ákærða sem stjórnarmanni og prókúruhafa í félaginu. Ekki liggja frammi neindir samningar er kunna að hafa verið gerðir milli bankans og félagsins.

Ákærði millifærði fé eins og lýst er í ákæru og hann hefur staðfest fyrir dómi, inn á sinn eigin bankareikning. Með þessu hefur hann komið fénu svo fyrir að hann hafði umráð þess í eigin nafni, en umráðin hafði hann áður í skjóli prókúruumboðs er hann hafði fyrir NBI Holdings Ltd.

Ákærði staðhæfir að hann hafi ekki ætlað sér að ná fénu til sín, hann hafi talið þessa millifærslu nauðsynlega öryggisráðstöfun til að koma í veg fyrir að féð kynni að glatast þegar Landsbanki Íslands féll sem kallað er í byrjun október 2008. Hann hafi með öðrum orðum ekki haft ásetning til að auðgast á kostnað NBI Holdings með þessum hætti.

Sönnunarfærslan fyrir dómi snerist að mestu um atriði sem geta gefið vísbendingar um trúverðugleika þessarar skýringar ákærða.

Af þeim sem gáfu skýrslur fyrir dómi var það einungis Halldór J. Kristjánsson sem þekkti vel til NBI Holdings, fyrir utan ákærða sjálfan. Nokkrir aðrir vissu af félaginu, eða höfðu hugmynd um tilvist þess. Hins vegar var stjórnarmaður í félaginu ekki leiddur sem vitni og heldur ekki umsjónarmenn The 1886 Trust. Málalíbúnaður ákærvalds sýnist byggja að hluta til á þeirri ályktun að NBI Holdings hafi í reynd verið stýrt á skrifstofum Landsbankans og að þeir sem aðsetur hafa á Guernsey hafi ekki skipt sér neitt af félögunum. Kann sú staðreynd að ákærði kveðst hafa ætlað að ræða málefni félagsins við nýjan bankastjóra Landsbankans að styrkja þessa ályktun. Þrátt fyrir það stoðar ekki án

frekari rannsóknar að draga slíkar ályktanir. Ætla verður að stjórnarmenn í félögum sinni skyldum sínum. Verður að miða við að ákærða hefði verið ljóst að taka fjárins myndi fljótlega komast upp á vettvangi félagsins sjálfs og sjálfseignarsjóðsins.

Upplýsingar um eftirlitskerfi innan bankans eru ekki mjög nákvæmar. Hefur í skýrslum vitna komið fram frásögn af eftirlitskerfi sem ætlað er að koma upp um peningabætti. Þá hefur verið sagt frá eftirliti með stórum millifærslum í því skyni að hindra missi viðskiptavina úr bankanum. Þá lýstu þau vitni sem starfa eða störfuðu í innri endurskoðun bankans því að notast væri við margs konar eftirlitsaðgerðir til að hindra svikastarfsemi. Töldu allir að sú staðreynd að lögð var há fjárhæð inn á reikning starfsmanns í bankanum yki líkurnar á því að millifærslan yrði tekin til skoðunar. Má af öllu þessu draga þá ályktun að ákærði hafi mátt sjá að líklega yrði hann spurður um þessa millifærslu og að hún yrði rannsökuð.

Þá verður ekki séð að ákærði hafi reynt að millifæra féð laumulega. Nokkrir starfsmenn komu að því að millifæra féð og enn aðrir að gjaldmiðlaskiptunum. Þá reyndi hann ekki að beita neinum blekkingum.

Þá má líta til þess að ákærði lét færa féð á reikning þar sem ekki var nein innstæða fyrir, þannig að það var á sinn hátt sérgreint í vörslum hans. Á móti vegur hins vegar að ákærði lét féð liggja óhreyft á eigin reikningi í meira en einn mánuð, án þess að segja nokkrum frá. Þó ber að hafa í huga að hann var sjálfur stjórnarmaður í NBI Holdings og nærtækast hefði verið að ákærði tilkynnti meðstjórnarmanni sínum um ráðstöfunina.

Eftir setningu laga nr. 125/2008 kom á daginn að allar innstæður í útibúum íslensku bankanna hér á landi voru yfirteknar og viðurkenndar að fullu af nýju bönkunum sem stofnaðir voru. Þannig reyndist tilraun ákærða til að gæta hagsmuna NBI Holdings hafa verið óþörf.

Skilanefnd var sett yfir Landsbankann að morgni 7. október. Síðar sama dag millifærði ákærði féð. Ákvörðun um að nýji bankinn sem stofnaður var tæki yfir og ábyrgðist allar innstæður í Landsbanka Íslands hf. var ekki birt fyrr en 9. október. Þegar litið er til allra aðstæðna og þess sem upplýst hefur verið um vitneskju manna og hugmyndir sem menn gerðu sér um stöðu innstæðueigenda, verður að meta það skiljanlegt að ákærði hefði nokkrar áhyggjur af stöðu NBI Holdings. Hafði hann réttmæta ástæðu til að gæta að innstæðu NBI Holdings og grípa til aðgerða sem hann teldi hæfilegar til að tryggja það að hún glataðist ekki. Er ekki í gögnum málsins eða atvikum í heild nægur grundvöllur til að hafna þeirri skýringu ákærða að hann hafi einungis ætlað að tryggja það að fé félagsins glataðist ekki við greiðsluþrot Landsbanka Íslands hf. Er því gegn neitun ákærða ósannað að hann hafi haft ásetning til auðgunar, sbr. 243. gr. almennra hegningarlaga. Verður því að sýkna hann af ákærinni.

Sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði. Yfirlit verjanda sýnir að hann og fulltrúi hans hafa eytt miklum tíma í málið. Sést að ekkert hefur verið til sparað og er skjalaframlagning verjandans til vitnis um það, á sama hátt og rannsóknargögn lögreglu, að farið hefur verið talsvert út fyrir efnið og tíma eytt í gagnaöflun sem telja verður þarflausa. Allt að einu verður ekki hjá því komist að taka að talsverðu leyti mið af tímaskýrslu verjanda. Eru málsvarnarlaun hans ákveðin að viðbættum

virðisaukaskatti 4.000.000 króna.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D ó m s o r ð**

Ákærði, A, er sýknaður af kröfum ákæruvalds.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.000 króna.

Jón Finnbjörnsson